

Dómarafélag Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 139/682  
komudagur 3. 12. 2010

Reykjavík, 3. desember 2010

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.


Með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, 26. nóvember sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og fagnar því að brugðist sé við auknu álagi sem orðið hefur á síðustu tveimur árum á dómstóla landsins, með fjölgun héraðs- og hæstaréttardómara.

Stjórn Dómarafélags Íslands leggur jafnframt áherslu á nauðsyn þess að löglærðum aðstoðarmönnum og riturum verði fjölgað við dómstólana. Þá er það mat stjórnar DÍ að ef bregðast á með heildstæðum hætti við því mikla viðbótarálagi sem dómstólar standa nú frammi fyrir, ekki síst því mikla álagi sem Hæstiréttur stendur frammi fyrir, væri stofnun millidómstigs mikilvægur liður í þeirri heildstæðu lausn. Með stofnun millidómstigs væri tryggð sönnunarfærsla á tveimur dómstigum, og tryggt væri að til Hæstaréttar bærust aðeins viðamestu málin, þar sem þörf er á túlkun laga, mál sem eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða mál til endurskoðunar viðurlaga. Mál sem vörðuðu minni hagsmuni, sem og kærumál bærust til millidómstigs, þar sem þeim lyki, í allflestum tilvikum.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands,

  
Ingveigur Einarsdóttir, formaður